

Velkomin(n) í samræmt könnunarpróf í stærðfræði fyrir 4. bekk 2017

Vinsamlegast svaraðu spurningunum eftir bestu getu. Þú getur fylgst með próftímanum efst í hægra horni prófheftisins. Athugaðu að prófið lokast sjálfkrafa að próftíma loknum.

Próftíminn er 1 klukkustund og 10 mínútur.

Athugaðu að í 1. hluta prófsins þarf að svara öllum atriðum áður en haldið er áfram í 2. hluta. Ekki er hægt að fara aftur í 1. hluta eftir að hafa opnað 2. hluta.

Gangi þér vel.

1. Reiknaðu og skrifaðu svarið í reitinn.

$$76 + 123 = \underline{\hspace{2cm}}$$

2. Reiknaðu og skrifaðu svarið í reitinn.

$$67 - 34 = \underline{\hspace{2cm}}$$

3. Reiknaðu og skrifaðu svarið í reitinn.

$$148 + 27 + 7 = \underline{\hspace{2cm}}$$

4. Reiknaðu og skrifaðu svarið í reitinn.

$$855 - 776 = \underline{\hspace{2cm}}$$

5. Reiknaðu og skrifaðu rétta tölu í reitinn.

$$6 \cdot 4 = \underline{\hspace{2cm}} \cdot 8$$

6. Reiknaðu og skrifaðu rétta tölu í reitinn.

$$256 - 145 = 90 + \underline{\hspace{2cm}}$$

7. Hverjar af þessum tölum eru heilar tölur?

2,5	9	3,7	8	1	7,4	4	6,1
-----	---	-----	---	---	-----	---	-----


A. $2,5 - 3,7 - 6,1 - 7,4$

B. $1 - 2,5 - 3,7 - 4$

C. $1 - 4 - 8 - 9$

D. $6,1 - 7,4 - 8 - 9$

8. Hvað á eftir að leggja margar flísar á gólfíð?



- A. 9
- B. 10
- C. 11
- D. 12

9. Í 4.J í Vatnaskóla eru 23 nemendur.

**Hve marga bíla þarf til að keyra
allan bekkinn í sund ef 4 nemendur
fara í hvern bíl?**


- A. 4
- B. 5
- C. 6
- D. 7

10. Anna var í kúluspi.


Svona var niðurstaðan
þegar kúlurnar voru búnar:

Hve mörg stig fékk Anna?

- A. 310
- B. 320
- C. 340
- D. 410



11. Hvaða tala á að standa í auða reitnum?



- A. 300
- B. 301
- C. 302
- D. 303

12. Merktu við töluna sem er helmingurinn af 450.

- A. 125
- B. 150
- C. 200
- D. 225
- E. 250

13. *Strætisvagnafargjöld:*

Fullorðnir 120 kr.

Unglingar (12 – 15 ára) 60 kr.

Börn 25 kr.

Hvað kostar í strætó fyrir Rúnar, Erlu og mömmu þeirra?

Rúnar og Erla eru 10 ára.

Svar: _____ kr.

14. Bryndís á 495 kr. en Pétur 322 kr.

Hvað á Bryndís mörgum krónum meira en Pétur?

- A. 173 kr.
- B. 817 kr.
- C. 163 kr.
- D. 137 kr.


15. Fjölskylda á þrjá ketti.

Þau ákveða að taka að sér tvo ketti til viðbótar.

Hvað verða þá margir kattafætur á heimilinu?

Svar: _____ fætur

16. Jófríður saumar blúndu utan um púðann sem er sýndur á teikningunni.




Hve margir sentimetrar af blúndu fara utan um púðann?

- A. 48 cm
- B. 72 cm
- C. 88 cm
- D. 96 cm

17. Óli gengur upp kubbabygginguna.

Hann stígur sex skref til að komast alveg yfir hana. Óli ætlar að bæta einni kubbaröð við undir bygginguna.



Hvað þarf hann þá að ganga upp og niður margar tröppur?

- A. 6 tröppur
- B. 8 tröppur
- C. 10 tröppur
- D. 12 tröppur

18. Sævar vísindamaður skoðar fjölda skordýra sem koma í gildir hans og skráir í töflu.

	bjöllur	fiðrildi	flugur	mordýr	áttfætlur	margfætlur
gildra 1	17	2	13	60	4	1
gildra 2	2	2	16	12	3	0
gildra 3		0	7	0	2	0
gildra 4	12	3	31	71	7	3

Um kvöldið sér hann að í gildru 3 vantar tölu. Þar á að vera talan 7.

Hvað eru bjöllurnar þá margar samtals?

- A. 31 bjalla
- B. 38 bjöllur
- C. 40 bjöllur
- D. 41 bjalla


19. Við Akureyrarkirkju eru 116 tröppur.

Fjögur systkini hlaupa upp þær allar.

Hve margar tröppur hlupu þau samtals?

Svar: _____ tröppur


20. Hvert er flatarmál skyggðu myndarinnar?



- A. 6 cm²
- B. 7 cm²
- C. 8 cm²
- D. 9 cm²

21. Merktu við reit þar sem svæðunum er raðað eftir stærð.

- A. D B C A
- B. B D A C
- C. C D B A
- D. A C D B
- E. C A B D



22. Tómas kaupir brauð fyrir 622 kr. og ost fyrir 357 kr.

Hann borgar með 2000 króna seðli.

Hvað fær Tómas margar krónur til baka?

- A. 21 kr.
- B. 979 kr.
- C. 1021 kr.
- D. 1735 kr.

23. Teldu peningana. Merktu við rétta upphæð.



- A. 647 kr.
- B. 682 kr.
- C. 687 kr.
- D. 697 kr.
- E. 692 kr.

24. Hafþór dýfir sér af 10 metra bretti í dýfingalauginni.

Hann fer 3 metra undir yfirborðið.

Hve langt fór hann niður alls?

- A. 3 m
- B. 7 m
- C. 10 m
- D. 13 m

25. Kennari tekur sjö blöð og skiptir

hverju blaði upp í átta miða.

Allir krakkarnir í fjórða bekk fá tvo miða hver.

Þá á kennarinn eftir 4 miða.

Hve margir nemendur eru í fjórða bekk?

- A. 25
- B. 26
- C. 27
- D. 28

26. Þegar klukkan er 12:00 í Reykjavík þá er hún 15:00 í Búkarest.

Hvað er þá klukkan í Reykjavík ef hún er 8:00 í Búkarest?

- A. 5:00
- B. 6:00
- C. 9:00
- D. 11:00

27. Strætisvagnar fara um skiptistöð á 15 mínútna fresti.

Farþegi sem bíður eftir sínum vagni tekur eftir að fjórir vagnar sem fara hjá eru með númer sem eru deilanleg með 4.

Hvaða svarliður passar við númerin sem farþeginn sá?



- A. 12, 16, 24, 28
- B. 4, 14, 22, 24
- C. 11, 22, 28, 54
- D. 12, 28, 32, 54

28.



Þríhyrningarnir þrír hér að ofan eru nákvæmlega eins.

Hvaða form hér að neðan er hægt að mynda úr þessum þremur þríhyrningum?




29. Orri kaupir 7 kúlur á 2 kr. stykkið og tyggjó fyrir 24 kr.

Hve mikið borgar hann samtals?

Svar: _____ kr.

30. Skoðaðu myndina. Hvað er Ari lengi að hlaupa?



- A. 2 klst. og 45 mín.
- B. 3 klst. og 15 mín.
- C. 3 klst.
- D. 3 klst. og 45 mín.
- E. 4 klst. og 45 mín.

31. Jón er 6 cm hærri en Guðbjörg.


Guðbjörg er 2 cm lægri en Hafdís.

Hafdís er 161 cm á hæð.

Hve hár er Jón?

- A. 163 cm
- B. 165 cm
- C. 167 cm
- D. 169 cm

32. Súluritið sýnir hvað 7 vinir eiga margar fótboltamyndir.



Þeir ákveða að skipta öllum myndunum jafnt á milli sín.

Hve margar myndir koma þá í hlut hvers þeirra?

Svar: _____ myndir